

Enn um lík og líf

—o—

I.

Hr. kirkjugarðsvörður Felix Guðmundsson, gerir áreiðanlega of lítið úr íslenskri skynsemi í grein sinni. í Vísi 4. þ. m., þegar hann giskar á, að einungis svo sem tíundi hlutinn af þeim líkum, sem hér yrðu, mundi fara í bálstofuna. Lögbjóða mætti, að öll lík skyldi brenna, néma ef menn hefðu á lögmæt- an hátt, látið í ljós að þeir kysu fremur að láta „ormana“ eyða líki sínu á nokkrum áratugum, en hitanf á nokkrum mínútum. Hraðsla við kostnað ætti ekki að þurfa að koma til greina, því að það hlýtur að verða til muna ódýrara að brenna en grafa, þegar flestöll lík verða brend, eða öll, eins og telja má vist að verði. Og væri ekki einskisvert að Reykjavík yrði á undan öðrum höfuðborgum í þessu menningaratriði. Vonandi er að allir læknarnir styðji þetta mál, og eg vil ekki ætla prestunum að þeir geri það ekki líka.

II.

Rétt er að sæta þessu færi, til að biðja menn mjög alvarlega, að hugsa sjer aldrei kirkjugarð- inn sem dvalarstað hinna fram- liðnu, og tala aldrei eða yrkja eins og hinir framliðnu sofi í gröfunum. Ástæðan er sú, að með slíku er framliðnum ógagn gert, og ætti heldur að vera á hinn veginn. Því að svo virðist, sem fyrst eftir andlátið sé oft, eða jafnvel altaf, nokkrum erfiðleikum að mæta, líkt og verið sé í ferðalagi sem menn kunna ekki til við. Og yrði þó að líkja hinum framliðnu eigi einungis við ferðamenn, sem ekki rötuðu, heldur jafnvel við þá, sem væru svo fávísir, að þeir kynnu ekki að greina harð- velli frá feni, og önnur van- þekking að því skapi. Forfeð- ur vorir í heiðni virðast hafa haft nokkura hugmynd um þess konar erfiðleika, og eins um, að hugsanir eftirlifenda gætu hjálp- að, því að þeir töluðu um að visa til Valhallar. Hefði varla verið svo að orði komist, ef menn hefðu ekki haldið, að þá

leyni miklu merkilegri heldur en haldið hefir verið eftir að kristni komst á.

7. jan.

Helgi Pjeturss.

Vísir 8 jan 1929